

um breyting á lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaup-
túnum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum, frá 100—10000 kr., nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. að heiðni samgöngumálaráðuneytisins. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir frá ráðuneytinu:

Í gildandi lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaup-
túnum, nr. 40 29. maí 1957, eru engin refsiakvæði. Er þetta tilfinnanlegur ágalli á löggjöfni og hefur þegar orðið til þess að torvelda framkvæmd hennar.

Samkvæmt lögunum hefur nú tala leigubifreiða til mannflutninga verið takmörkuð í þremur kaupstöðum, og fleiri staðir munu væntanlega koma á eftir. Á þessum stöðum er ákveðin hámarkstala leigubifreiða til mannflutninga og ekki öðrum heimilt að stunda akstur á fólki í atvinnuskyni en þeim, sem hafa fengið til þess sérstök atvinnuleyfi.

Hins vegar vilja ýmsir aðrir en þeir, sem leyfi hafa, stunda þessa atvinnugrein, og talsverð brögð að því, t. d. í Reykjavík, að slíkir menn taki að sér akstur á fólki án þess að hafa fast aðsetur á bifreiðastöð og án þess að hafa öðlazz atvinnuleyfi.

Meðan ekkert refsiakvæði er í lögunum, er ekki unnt að koma í veg fyrir þetta og þannig ekki hægt að veita leigubifreiðastjórum þá vernd, sem löggin ætlast til.

Því hefur frumvarp þetta verið samið í samgöngumálaráðuneytinu, samkvæmt heiðni Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Reykjavík.

Fylgiskjal.

BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ HREYFILL, Reykjavík.

Reykjavík, 4. febrúar 1958.

Til samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Eins og yður er kunnugt, er nú komin til framkvæmda takmörkun á leigubifreiðum til fólksflutninga, allt að 8 farþega, í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri, og er takmörkun þessi gerð samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaup-
túnum, og er slík takmörkun nú í undirbúningi víðar á landinu, bæði hvað snertir fólksbifreiðar og vörubifreiðar, enda er frumnauðsyn að koma slíkri takmörkun á, ef bifreiðastjórum á að vera mögulegt að hafa lífsframfæri af þessari atvinnugrein.

Við framkvæmd fyrrgreindra laga hefur það komið í ljós, að reynzt hefur erfitt að koma í veg fyrir, að lög þessi og tilheyrandi reglugerðir væru brotin, þar sem refsiakvæðin vantar í lögin. Með tilvísun til þessa leyfum vér oss hér með að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það beiti sér fyrir því, að lögum nr. 40 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaup-
túnum, verði breytt þannig, að í þau verði sett refsiakvæði, og teljum vér rétt, að refsiakvæði þessara laga verði miðuð við refsiakvæði bifreiðalaga (umferðarlaga).

Vér leyfum oss að mega vænta þess, að ráðuneytið taki þessari málaleitan vorri með vinsemd og skilningi bifreiðastjórastéttinni til handa og það sjái sér fært að leggja frumvarp að áðurgreindri lagabreytingu fyrir Alþingi það, sem nú situr, og það geri sitt ýtrasta til þess, að það nái fram að ganga.

Óski ráðuneytið eftir frekari rökstuðningi máli þessu til framgangs af vorri hálfu, þá erum vér að sjálfsgöðu reiðubúnir að láta hann í té, þegar þess yrði óskað.

Virðingarfyllt,

f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils,
Bergsteinn Guðjónsson.